



Könnun um skipulag og kostnað  
sveitarfélaga vegna dagforeldra

2015/05

*Könnun um skipulag og kostnað sveitarfélaga vegna dagforeldra  
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2015/05  
Hag- og upplýsingasvið  
Borgartúni 30  
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík  
Ábyrgðarmaður: Valgerður Ágústsdóttir*

# Inngangur

---

Í kjölfar þingsályktunartillögu um leikskóla að loknu fæðingarorlofi sem samþykkt var í árslok 2013 var settur á fót starfshópur sem meta skal kosti þess að bjóða leikskólavist strax og fæðingarorlofi lýkur. Starfshópurinn skal greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þarf tillit til, þar á meðal mannafla- og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna ásamt leiðum til fjármögnunar. Í starfshópnum sitja fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfshópurinn ákvað að leggja könnun fyrir sveitarfélögin með það að markmiði að kortleggja skipulag sveitarfélaga vegna daggæslumála yngri barna og kostnað vegna þeirra.

Könnunin var send út þriðjudaginn 28. október 2014 á framkvæmdastjóra sveitarfélaga í tölvupósti. Alls svaraði 41 sveitarfélag könnuninni af 74. Að auki sendu þrjú sveitarfélög svör sín með tölvupósti. Upplýsingar bárust því frá 44 sveitarfélögum sem merkir að svarhlutfallið var 60%. Rétt er að geta þess að tilhneigingin er sú að stór og meðalstór sveitarfélög svari frekar slíkum könnunum. Í þeim 44 sveitarfélögum sem upplýsingar bárust frá búa 92% landsmanna.

# Helstu niðurstöður

---

Upplýsingar bárust frá 44 sveitarfélögum sem merkir að svarhlutfallið var 60%.

Í þeim sveitarfélögum þar sem eftirlit með starfi dagforeldra er þrisvar sinnum á ári eða oftar búa um 81% landsmanna.

Eftirlit er umtalsvert meira þar sem þjónustan er á forræði fræðslusviðs fremur en félagsþjónustusviðs. Í 60% tilvika er eftirlit framkvæmt oftar en 3 sinnum þar sem þjónustan er á fræðslusviði á móti 40% hjá félagsþjónustusviði.

Átján sveitarfélög svöruðu því til að veittur væri faglegur stuðningur við dagforeldra í sveitarfélaginu eða 46% svarenda en í þeim búa um 84% landsmanna. Algengast er að faglegur stuðningur sé veittur með námskeiði í upphafi starfs, skipulags- eða fræðsludögum og þá uppeldisráðgjöf.

Í tíu sveitarfélögum eru gerðir þjónustusamningar við dagforeldra, í þeim búa um 25% landsmanna. Ákvæði um hámarksgjald vegna daggæslu í heimahúsum er að finna í þjónustusamningum hjá sex sveitarfélögum þar sem um 14% landsmanna búa.

Í desembermánuði 2013 voru 459 dagforeldrar starfandi í 20 sveitarfélögum þar sem 86% landsmanna búa. Börn hjá dagforeldrum í sama mánuði voru 2.049 - þar af voru 1.521 fædd árið 2012. Gefinn var upp rekstrarkostnaður í sama mánuði og á grundvelli hans var framreiknaður kostnaður sömu sveitarfélaga á ársgrundvelli um einn milljarður króna árið 2013.

Um 57% landsmanna búa í sveitarfélagi sem greiðir niður á milli 40 – 50 þúsund krónur mánaðarlega fyrir hvert barn í daggæslu í heimahúsum, 21% landsmanna búa þar sem mánaðarleg niðurgreiðsla er 30 – 40 þúsund krónur.

Um 61% landsmanna búa í sveitarfélagi þar sem biðlisti eftir leikskólaplássi var til staðar eftir úthlutun haustið 2013 og 30% landsmanna búa í sveitarfélagi þar sem slíkur listi var ekki til staðar.

Tæplega 45% íbúa landsins býr í sveitarfélagi þar sem gerð hefur verið áætlun um að bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri og 2,3% landsmanna búa þar sem gerð hefur verið slík áætlun frá 9 mánaða aldri.

Um 29% sveitarfélaga hafa gert kostnaðarmat á því að bjóða upp á leikskóladvöl frá 12 mánaða aldri, en í þeim býr um helmingur landsmanna.


# Stjórnsýsluleg ábyrgð á daggæslu í heimahúsum?

Spurt var um hvaða stjórnsýslusviði sveitarfélagsins daggæsla í heimahúsum tilheyrir í sveitarfélaginu.

Tafla 1. Hvaða stjórnsýslusviði sveitarfélagsins tilheyrir daggæsla í heimahúsum?

Stjórnsýslusvið	Fj. Sveitarfélaga	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísi
Félagsþjónustusvið	15	46,90%	43.703	14%
Fræðslusvið	17	53,10%	247.710	77%
<b>Alls</b>	<b>32</b>	<b>100,00%</b>	<b>291.413</b>	<b>91%</b>

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting svara vegna stjórnsýslusviðs



Við þessari spurningu fást svör frá 32 sveitarfélögum. Mynd 1 sýnir að hlutfallsleg skipting er nokkuð jöfn, í 53% tilvika er ábyrgð þjónustunnar á fræðslusviði og í 47% tilvika á félagsþjónustusviði. Í tveimur tilvikum þar sem félagsþjónustusvið var valið fylgdu frekari skýringar, þ.e. annars vegar að þjónustan tilheyrði fjölskyldusviði (félags- og fræðsla) og hins vegar að fræðslusvið hefði eftirlit.


Í þremur tilvikum þar sem fræðslusvið var valið fylgdu eftirfarandi skýringar:

- í raun blandað, heyrir undir félagsþjónustu að hluta

- ráðgjöfin tilheyrir velferðarsviði
- ekki eru starfandi dagforeldrar í sveitarfélaginu. Fræðslusvið ber fjárhagslega ábyrgð en eftirlit er á höndum félagsþjónustusviðs þegar dagforeldrar eru starfandi.

Landslagið er mjög breytt ef skoðuð er skipting út frá íbúafjölda.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting út frá íbúafjölda á landsvísu – stjórnsýslusvið



Hér eru svör sveitarfélaga greind út frá hlutfalli íbúa af íbúafjölda á landsvísu en ekki eingöngu þeirra sveitarfélaga er tóku þátt. Þannig búa 77% allra landsmanna í þeim 17 sveitarfélögum er svöruðu því til að þjónustan væri á forræði fræðslusviðs, og 14% íbúa landsins búa í þeim 15 sveitarfélögum þar sem þjónustan er á forræði félagsþjónustusviðs. Um 9% landsmanna búa í sveitarfélagi þar sem þjónustan er ekki fyrir hendi eða hafa ekki svarað könnuninni.

# Eftirlit með starfi dagforeldra


Pá var spurt hversu oft eftirlit er með starfi dagforeldra í sveitarfélaginu.

Tafla 2. Hversu oft er eftirlit með starfi dagforeldra í sveitarfélaginu?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Aldrei	12	31,60%	8.182	3%
1-2 sinnum á ári	11	28,90%	23.484	7%
3 sinnum á ári	5	13,20%	162.110	50%
Oftar en 3 sinnum á ári	10	26,30%	100.073	31%
<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>100,00%</b>	<b>293.849</b>	<b>91%</b>

Þessari spurningu svöruðu 38 sveitarfélög. Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu afstöðu sveitarfélaganna byggða á tölfunni hér fyrir ofan.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting svara vegna eftirlits




Tæpur þriðjungur eða 12 sveitarfélög svara því til að eftirliti með starfi dagforeldra í sveitarfélaginu sé aldrei sinnt. Rétt er að geta þess að af þeim 12 sveitarfélögum eru fjögur sem greina frá því að þessi þjónusta sé ekki til staðar í sveitarfélaginu. Ef tekið er tillit til þess lækkar hlutfall þeirra sveitarfélaga er segjast aldrei sinna eftirliti niður í 21%.

Fróðlegt er að skoða skiptinguna einnig út frá íbúafjölda.



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting út frá íbúafjölda á landsvísu - eftirlit



Þá breytist myndin töluvert. 81% landsmanna búa í þeim 15 sveitarfélögum sem sinna eftirliti 3 sinnum á ári eða oftar. Einungis 3% landsmanna búa í þeim 12 sveitarfélögum sem segjast aldrei sinna þessu eftirliti.


Þá er forvitnilegt að skoða tíðni eftirlits út frá því hvaða svið stjórnarsýslunnar ber ábyrgð á þjónustunni.

Tafla 3. Hversu oft er eftirlit með starfi dagforeldra í sveitarfélaginu? [stjórnarsýslusvið]

Svarmöguleikar	Félagsþjónustusvið	Fræðslusvið	Svör alls	Félagsþjónustusvið	Fræðslusvið	
Aldrei		3	1	4	75%	25%
1-2 sinnum á ári		7	4	11	64%	36%
3 sinnum á ári		1	4	5	20%	80%
Oftar en 3 sinnum á ári		4	6	10	40%	60%
<b>Alls</b>		<b>15</b>	<b>15</b>	<b>30</b>		

Þrjátíu sveitarfélög svöruðu því til hvaða stjórnarsýslusvið bæri ábyrgð á þjónustunni en nokkur sveitarfélög bentu á að þessi þjónusta væri ekki til staðar í sveitarfélaginu.

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svara og íbúafjölda - eftirlit



Mynd 5 birtir gögn úr töflu 2 á myndrænan hátt. Af myndinni má sjá að eftirlit er umtalsvert meira þar sem þjónustan er á forræði fræðslusviðs fremur en félagsþjónustusviðs. Í 60% tilvika er eftirlit framkvæmt oftar en 3 sinnum þar sem þjónustan er á fræðslusviði á móti 40% hjá félagsþjónustusviði. Munurinn er enn skýrari í þeim tilvikum þar sem eftirliti er sinnt 3 sinnum á ári.

## Framkvæmd eftirlits

Þá var spurt með hvaða hætti eftirlitið væri framkvæmt.


Tafla 4. Með hvaða hætti er eftirlitið framkvæmt? (merkið við allt sem við á)<sup>1</sup>

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Boðuð heimsókn	18	69,2%	121.530	38%
Óboðuð heimsókn	20	74,1%	277.942	86%
Ef tilkynning berst	12	46,2%	123.432	38%

<sup>1</sup> Samtala fer yfir 100% í hlutfallsdálkum þar sem hvert og eitt sveitarfélag gat merkt við fleiri en einn valkost.

Boðið var upp á þrjá svarmöguleika með þeim fyrirmælum að merkja skyldi við allt sem við ætti. Að auki var boðið upp á þann möguleika að nefna önnur atriði. Spurningunni svöruðu 27 sveitarfélög.


#### Mynd 6. Hlutfallsleg skipting – framkvæmd eftirlits



Tæp 70% sveitarfélaga sinna eftirliti með daggæslu í heimahúsum með boðaðri heimsókn. Aðeins fleiri eða 74% styðjast við óboðaðar heimsóknir við eftirlit og um 46% bregðast við ef tilkynning berst. Sveitarfélögum gafst kostur á að skrifa athugasemd ef eftirlit væri framkvæmt með öðrum hætti og bárust athugasemdir frá átta sveitarfélögum:

1. Reglulegum samskiptum og skráningu
2. Ef dagforeldri óskar eftir aðstoð
3. Stundum óska dagforeldrar eftir heimsókn v/einstakra barna
4. Félagsþjónustan á Húsavík sér um þetta í Langanesbyggð
5. Ekki gert
6. Sjaldnar en 1 x ári
7. Ekkert eftirlit til staðar
8. Ekki eru dagmæður starfandi í sveitarfélaginu en þjónustan keypt af dagmæðrum á Akureyri sem eru undir eftirliti þar.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting út frá íbúafjölda – framkvæmd eftirlits



Þegar svör um framkvæmd eftirlits eru skoðuð út frá íbúafjölda og hlutfalli á landsvísu breytist myndin töluvert. Tæplega 40% landsmanna búa í þeim 18 sveitarfélögum sem sinna eftirliti með boðuðri heimsókn, en ríflega 86% landsmanna búa í sveitarfélögum er sinna því með óboðuðri heimsókn.


## Stuðningur við dagforeldra

Spurt var hvort sveitarfélagið veiti dagforeldrum faglegan stuðning og í framhaldinu var spurt með hvaða hætti sveitarfélagið veiti þeim faglegan stuðning þar sem merkja átti við allt sem við átti.

Tafla 5. Veitir sveitarfélagið dagforeldrum faglegan stuðning?


Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	18	46,2%	269.099	83,6%
Nei	21	53,8%	26.221	8,1%
<b>Alls</b>	<b>39</b>	<b>100,0%</b>	<b>295.320</b>	<b>91,8%</b>

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting – faglegur stuðningur



Átján sveitarfélög svöruðu því til að veittur væri faglegur stuðningur við dagforeldra í sveitarfélaginu eða 46% svarenda. 54% svöruðu neitandi. Tæplega helmingur sveitarfélaganna segjast veita dagforeldrum faglegan stuðning. Vert er að skoða skiptinguna á grundvelli íbúafjölda.

Mynd 9. Hlutfallsleg skipting út frá íbúafjölda – faglegur stuðningur




Mynd 9 sýnir gjörbreytt landslag. Í þeim 18 sveitarfélögum sem bjóða upp á faglegan stuðning fyrir dagforeldra búa um 84% landsmanna.

Tafla 6. Hvernig veitir sveitarfélagið dagforeldrum faglegan stuðning? (Merkið við allt sem við á)<sup>2</sup>

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Námskeið í upphafi starfs	13	75%	258.784	80%
Regluleg námskeið	9	50%	43.724	14%
Skipulags- eða fræðsludaga	10	56%	248.357	77%
Heilsufarsleg ráðgjöf	6	31%	78.112	24%
Uppeldisleg ráðgjöf	14	81%	245.086	76%
Annað, þá hvað?	8	47%	169.097	53%
	17			

Þessari spurningu svöruðu 17 sveitarfélög.


Mynd 10. Hlutfallsleg skipting – framkvæmd faglegs stuðnings



Við spurninguna voru fimm valkostir auk þess sem boðið var upp á að tilgreina annað. Af þessum 17 sveitarfélögum sem bjóða upp á faglegan stuðning við dagforeldra má sjá að um 75% þeirra bjóða upp á námskeið í upphafi starfs, en uppeldisleg ráðgjöf er algengasta form faglegs stuðnings sem 81% merkja við. Um helmingur þeirra býður upp á regluleg námskeið og um þriðjungur sinnir heilsufarslegri ráðgjöf.

<sup>2</sup> Samtala fer yfir 100% í hlutfallsdálkum þar sem hvert og eitt sveitarfélag gat merkt við fleiri en einn valkost.

Mynd 11. Hlutfallsleg skipting út frá íbúafjölda – framkvæmd faglegs stuðnings



Um 80% landsmanna búa í þeim 13 sveitarfélögum sem bjóða upp á námskeið í upphafi starfs og 76% landsmanna búa í þeim 14 sveitarfélögum sem sinna uppeldislegri ráðgjöf til dagforeldra.

## Þjónustusamningar við dagforeldra


Þá var spurt um hvort sveitarfélögin gerðu þjónustusamning við dagforeldra og þá hvort kveðið væri á um hámarksgjald vegna daggæslu í heimahúsum.

Tafla 7. Gerir sveitarfélagið þjónustusamning við dagforeldra?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	10	27,8%	83.438	25,9%
Nei	26	72,2%	210.185	65,3%
<b>Alls</b>	<b>36</b>	<b>100,0%</b>	<b>293.623</b>	<b>91,2%</b>


Þessari spurningu svöruðu 36 sveitarfélög.

Mynd 12. Hlutfallsleg skipting - þjónustusamningur



Í langflestum tilvikum gera sveitarfélögin ekki þjónustusamning við dagforeldra. Einungis tæpur þriðjungur svarenda gera þjónustusamning við dagforeldra.

Mynd 13. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda - þjónustusamningar



Þegar tekið er tillit til íbúafjölda sést að rétt um fjórðungur landsmanna býr í sveitarfélagi þar sem gerður er þjónustusamningur við dagforeldra og um 2/3 býr í sveitarfélagi sem svara því til að ekki sé gerður slíkur samningur. Um 9% landsmanna býr í sveitarfélagi sem ekki tóku þátt í könnuninni eða svöruðu ekki þessari spurningu.




Tafla 8. Er kveðið á um hámarksgjald fyrir daggæslu í heimahúsum í þjónustusamningi?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	6	60%	46.067	14,3%
Nei	4	40%	38.036	11,8%
<b>Alls</b>	<b>10</b>	<b>100,0%</b>	<b>84.103</b>	<b>26,1%</b>

Ellefu sveitarfélög svöruðu þessari spurningu. Hlutfallsleg skipting er nokkuð jöfn.

Mynd 14. Hlutfallsleg skipting – hámarksgjald í þjónustusamningi



Mynd 14 sýnir að hlutfallsleg skipting svarenda er nokkuð jöfn. Sex sveitarfélög eða 55% segja kveðið á um hámarksgjald í þjónustusamningi á meðan 45% segja svo ekki vera.

Vert er að hafa í huga að einungis 26% landsmanna býr í sveitarfélagi þar sem gerður er þjónustusamningur við dagforeldra. Í þeim sex sveitarfélögum sem segja að þar sé einnig kveðið á um hámarksgjald búa einungis um 14% landsmanna.

Sveitarfélög voru beðin að tilgreina hámarksgjaldið væri það fyrir hendi. Eftirtalin svör bárust frá sex sveitarfélögum:

- Hámarksgjald í desember 2013 var kr. 9.630- á dvalartíma. Almenn niðurgreiðsla er 6.828- en fyrir einstæða og aðra afsláttarhópa er niðurgreiðslan 7.875-
- 32.200.- fyrir 8 tíma vistun
- í júní 2013 þegar síðast var gerður samningur var gjaldið kr. 70.304 fyrir átta tíma og kr. 15.470 fyrir vistun

- 54.376 fyrir 8 tíma vistun
- Hluti sveitarfél. 54.303 f. 9 tíma einst.for.
- 105.000 kr.

## Viðhorfakannanir


Ákveðið var að grennslast fyrir um það hvort sveitarfélög legðu viðhorfakannanir fyrir foreldra barna í daggæslu til að leggja mat á þjónustuna.

Tafla 9. Hefur sveitarfélagið lagt viðhorfakönnun fyrir foreldra barna hjá dagforeldrum?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	6	54,5%	46.067	14,3%
Nei	5	45,5%	38.559	12,0%
<b>Alls</b>	<b>11</b>	<b>100,0%</b>	<b>84.626</b>	<b>26,3%</b>


Alls svöruðu 36 sveitarfélög spurningunni.

Mynd. 15. Hlutfallsleg skipting - viðhorfakannanir



Tæplega þriðjungur svarenda segist leggja viðhorfakannanir fyrir foreldra barna í daggæslu eða um 11 sveitarfélög.

Mynd 16. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda - viðhorfakannanir



Landslagið breytist mikið þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Það býr 81% landsmanna í þeim sveitarfélögum þar sem viðhorfakannanir eru lagðar fyrir foreldra barna í daggæslu í heimahúsum.

Sveitarfélögin voru einnig beðin um að tilgreina hvar finna mætti niðurstöður slíkra kannana.

Tafla 10. Tilgreinið hvar finna má niðurstöður slíkrar könnunar

	Fjöldi svara	% skipting	Íbúafjöldi	% af íbúafjölda landsins
Á heimasíðu sveitarfélagsins	5	45%	187.650	58%
Skjalakerfi sveitarfélagsins	2	18%	34.634	11%
Hjá daggæslufulltrúa	2	18%	17.665	5%
Hjá sveitarstjóra	1	9%	665	0%
Kynntar dagforeldrum	1	9%	8.978	3%
<b>Alls</b>	<b>11</b>	<b>100%</b>	<b>249.592</b>	<b>78%</b>

Í næstum helming tilvika eru niðurstöður slíkra kannana birtar á heimasíðu sveitarfélagsins. Í þeim fimm sveitarfélögum þar sem það er gert búa um 60% landsmanna.

# Tölfræði og rekstrarkostnaður 2013

Í spurningum 10 – 14 var spurt um fjölda dagforeldra, fjölda barna í daggæslu og um rekstrarkostnað og niðurgreiðslur.

Af þeim sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni svara 20 því til að dagforeldrar séu starfandi í sveitarfélaginu. Þess má geta að í þessum 20 sveitarfélögum búa um 86% landsmanna.

Tafla 11 gefur yfirlit yfir fjölda dagforeldra og barna í daggæslu í heimahúsum í desember árið 2013 ásamt rekstrarkostnaði vegna daggæslu í heimahúsum sama mánuð.

Tafla 11. Fjöldi dagforeldra, barna í daggæslu og rekstrarkostnaður 2013

Sveitarfélag	Fjöldi dagfor--eldra	Fjöldi barna 1. des. 2013			Fj. barna alls	Fjöldi barna / dagfor--eldrum	Heildarkost--naður í des 2013	Rekstrarkost--naður á ári m.v. 11 mánuði*
		Fædd 2013	Fædd 2012	Fædd f. 2012				
Kópavogsbær	49	275			275	5,6	11.837.605	130.213.655
Fljótshérað	2	0	5	1	6	3	202.620	2.228.820
Sv. Hornafjörður	2	2	3	0	5	2,5	140.000	1.540.000
Fjarðabyggð	4	14	6	0	20	5		
Akureyri	39	18	161	0	179	4,6	8.847.372	97.321.088
Sv. Árborg	12	3	46	0	49	4,1	925.494	10.180.437
Reykjavíkurborg	212	125	780	16	921	4,3	41.753.441	459.287.851
Langanesbyggð	2	0	6	0	6	3	196.875	2.165.625
Sv. Ölfus	2	0	11	0	11	5,5	265.979	2.925.768
Snæfellsbær	2	3	4	1	8	4	202.400	2.226.400
Hafnarfjörður	48	23	186	0	209	4,4	10.169.900	111.868.900
Reykjanesbær	19	5	80	5	90	4,7	3.450.000	37.950.000
Akranes	19	2	77	0	79	4,2	2.873.276	31.826.036
Hveragerði	3	11	5	6	22	7,3	320.000	3.520.000
Ísafjörður	4	4	15	0	19	4,8	457.101	5.028.111
Borgarbyggð	4	4	13	0	17	4,3	765.583	8.421.413
Seltjarnarnes	7	3	28	0	31	4,4	1.062.500	11.687.500
Grindavík	3	3	15	0	18	6	463.185	5.095.035
Mosfellsbær	17	4	80	0	84	4,9	3.385.535	37.240.885
Garðabær	9	45	0	0	45	5	3.636.363	40.000.000
<b>Alls</b>	<b>459</b>	<b>269</b>	<b>1.521</b>	<b>29</b>	<b>2.094</b>	<b>4,6</b>	<b>90.955.229</b>	<b>1.000.727.524</b>

Í töflu 11 er að finna yfirlit yfir fjölda dagforeldra og barna í daggæslu ásamt rekstrarkostnaði vegna desember 2013. Út frá þeim forsendum var framreiknaður kostnaður sömu sveitarfélaga á ársgrundvelli árið 2013. Miðað við gefnar forsendur var


árlegur rekstrarkostnaður þessara 20 sveitarfélaga vegna dagforeldra um einn milljarður króna árið 2013.

Tafla 12. Hver var mánaðarleg niðurgreiðsla sveitarfélagsins, m.v. átta tíma vistun, á hvert barn í daggæslu í heimahúsum 1. desember 2013?

	Svör	svör %	Íbúafjöldi	Íbúafjöldi %
Undir 30.000 kr.	3	13%	12.017	4%
30.000 - 40.000 kr.	11	46%	66.483	21%
40.001 - 50.000 kr.	6	25%	181.963	57%
50.001 - 60.000 kr.	2	8%	5.334	2%
60.001 kr. eða hærra	2	8%	18.501	6%
<b>Alls</b>	<b>24</b>	<b>100%</b>	<b>284.298</b>	<b>88%</b>

Um opna spurningu var að ræða og er hér gerð tilraun til að flokka svörin. Athygli er vakin á að um hlutfallslega flokkun er að ræða bæði út frá fjölda svara en einnig út frá hlutfallslegum íbúafjölda á landsvísi. Sex sveitarfélög eða fjórðungur svarenda greiðir mánaðarlega milli 40.001 kr. – 50.000 kr. til hvers barns í daggæslu miðað við átta tíma vistun. Sé litið til íbúafjölda í þessum sex sveitarfélögum kemur í ljós að í þeim búa um 57% landsmanna.

Mynd 16. Hlutfallsleg skipting – mánaðarleg niðurgreiðsla




Tafla 13. Hefur sveitarfélagið upplýsingar um mánaðarlegar greiðslur foreldra vegna daggæslu í heimahúsum fyrir eitt barn í átta tíma vistun 1. des. 2013?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	12	35%	59.084	18%
Nei	22	65%	233.864	73%
<b>Alls</b>	<b>34</b>	<b>100%</b>	<b>292.948</b>	<b>91%</b>


Priðjungur sveitarfélaga sem svaraði spurningunni hafði upplýsingar um mánaðarlega greiðslu sem foreldrar reiddu fram vegna daggæslu barna 1. des. 2013.

Mynd 17. Hlutfallsleg skipting – greiðslur foreldra



Pegar tekið er tillit til íbúafjölda má sjá að einungis 18% landsmanna búa í sveitarfélagi sem hefur upplýsingar um mánaðarlegar greiðslur foreldra vegna daggæslu í heimahúsum.

## Mynd 18 – Hlutfallsleg skipting íbúafjölda – greiðslur foreldra



Sveitarfélögin voru beðin að tilgreina hverjar mánaðarlegar greiðslur foreldra væru í þeim tilvikum þar sem þær upplýsingar lágu fyrir. Svör bárust frá 11 sveitarfélögum:

- 80.000 fullur mánuður en 41.300 eftir niðurgreiðslu
- 70.400
- Fæðisgjald er breytilegt. Dagforeldrar hafa heimild sjálfir til að ákveða fæðisgjald og gjald umfram sjö klst. vistun.
- Frá 49.280 til 59.136
- c.a 55.000 til 60.000 Ekki samræmd gjaldskrá
- 49.024 krónur
- Ekki í desember en í ágúst - var 23.480 fyrir vistun og 10.030 vegna fæðis
- 46.278
- 33.368
- 79.245
- 35.180

# Leikskólar og biðlistar


Í spurningu 15 var spurt um biðlista á leikskóla.

Tafla 14. Var biðlisti eftir leikskólaplássum eftir úthlutun haustið 2013?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	11	28,2%	197.639	61,4%
Nei	28	71,8%	97.109	30,2%
Alls	39	100,0%	294.748	91,6%

Alls svöruðu 39 sveitarfélög spurningunni.


Mynd 19. Hlutfallsleg skipting – biðlisti eftir leikskólaplássi



Þegar svör sveitarfélaganna 39 eru skoðuð kemur í ljós að í 72% tilvika var ekki til staðar biðlisti eftir leikskólaplássi í sveitarfélaginu eftir úthlutun haustið 2013.



Mynd 20. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda – biðlisti eftir leikskólaplássi



Þegar litið er til íbúafjöldans breytist myndin umtalsvert. Mynd 20 sýnir að 61% landsmanna búa í sveitarfélagi þar sem biðlisti eftir leikskólaplássi var til staðar eftir úthlutun haustið 2013 og 30% landsmanna búa í sveitarfélagi þar sem slíkur listi var ekki til staðar.

Tafla 15. Hversu mörg börn höfðu sótt um leikskólapláss 1. desember 2013 en ekki fengið? (Þessari spurningu þarf að svara eftir fæðingarári barna)

Börn fædd 2010	Börn fædd 2011	Börn fædd 2012	Börn fædd 2013
0	0	6	14
0	0	146	26
9	32	67	0
0	0	10	0
0	0	4	0
0	0	22	24
0	0	0	3
0	0	2	0
0	0	4	0
0	0	0	70
<b>9</b>	<b>32</b>	<b>261</b>	<b>137</b>

Ellefu svör fengust við þessari spurningu. Gerð er grein fyrir tíu svörum í töflu 15 en að auki barst þetta svar:


- Haustið 2013 voru innrituð öll börn fædd 2011 og fyrr og þó nokkuð af börnum fæddum 2012. Haustið 2014 voru innrituð börn fædd allt fram á mitt ár 2013. Engin 2013 börn voru innrituð haustið 2013. Sumir sækja um leikskólapláss við fæðingu barns, svo það er alltaf biðlisti sama hvað.

Tafla 16. Hefur sveitarfélagið gert áætlun um að bjóða leikskólavistun frá 9 eða 12 mánaða aldri? (merkið við allt sem við á)<sup>3</sup>

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Nei	18	46%	132.839	41%
Já frá 12 mánaða	8	21%	143.548	45%
Já frá 9 mánaða	3	8%	7.363	2%
Öllum börnum frá 12 mánaða aldri býðst nú þegar leikskólapláss	11	28%	12.403	4%
Öllum börnum frá 9 mánaða aldri býðst nú þegar leikskólapláss	2	5%	1.340	0%

Spurningu nr. 17 svöruðu 39 sveitarfélög.

Mynd 21. Hlutfallsleg skipting – leikskólavistun frá 9 eða 12 mánaða aldri




Mynd 21 gefur yfirlit yfir svör sveitarfélaganna. Tæplega helmingur þeirra eða 46% svara spurningunni neitandi. Þar hafa ekki verið gerðar áætlanir um að bjóða börnum leikskólavist frá 9 eða 12 mánaða aldri. Um fimmtungur segist hafa gert áætlun um að bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri og rétt um 8% frá 9 mánaða aldri.

<sup>3</sup> Samtalan fer yfir 100% í dálkinum um % skiptingu þar sem hvert sveitarfélag getur valið fleiri en einn valkost.

Tæplega þriðjungur svarar því til að nú þegar sé öllum börnum boðin leikskólavist frá 12 mánaða aldri og 5% frá 9 mánaða aldri.

Mynd 22. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda - leikskólavistun frá 9 eða 12 mánaða aldri




Enn á ný sést hvað landslagið breytist þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Rúmlega 40% landsmanna búa í sveitarfélagi þar sem engar áætlanir hafa verið gerðar um að bjóða leikskólavist frá 9 eða 12 mánaða aldri. Tæplega 45% býr í sveitarfélagi þar sem gerð hefur verið áætlun um að bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri og 2,3% landsmanna búa þar sem gerð hefur verið slík áætlun frá 9 mánaða aldri. Um 4% landsmanna búa þar sem börnum er nú þegar boðin leikskólavist frá 12 mánaða aldri og þau tvö sveitarfélög sem bjóða nú þegar upp á leikskólavist frá 9 mánaða aldri eru svo fámenn að þau mælast vart.

Tafla 17. Hefur sveitarfélagið gert kostnaðarmat við að bjóða leikskóla frá 12 mánaða aldri?

Svarmöguleikar	Fjöldi svf.	% skipting	Íbúafjöldi	% íbúa á landsvísu
Já	10	29%	162.651	50,5%
Nei	25	71%	127.425	39,6%
<b>Alls</b>	<b>35</b>	<b>100%</b>	<b>290.076</b>	<b>90%</b>


Spurningu 18 svöruðu 35 sveitarfélög.

Mynd 23. Hlutfallsleg skipting - kostnaðarmat



Tæplega þriðjungur sveitarfélaga hefur látið gera kostnaðarmat á því að bjóða leikskólavist frá 12 mánaða aldri eða tíu sveitarfélög. Vert er að geta þess að í spurningu 17 sögðust átta sveitarfélög hafa gert áætlun um að bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri.

Mynd 24. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda - kostnaðarmat



Þegar litið er til íbúafjölda sveitarfélaga kemur í ljós að rétt um helmingur landsmanna býr í sveitarfélagi sem gert hefur kostnaðarmat á því að bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri.

**Tafla 18. Hver væri kostnaður sveitarfélagsins við að auka þjónustu og bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri?**

Stærð svf.	Stofnkostnaður	Rekstrarkostnaður miðað við 2013
10-15 þús. íbúar	80.000.000	20000000 (m.v. hálftr ár)
2-5 þús. íbúar	30-40 milljónir	?
15-20 þús. íbúar	Áætlaður stofnkostnaður fyrir 200 leikskólaláss er kr. 750.000.000.-	Miðað við að 80% barna (gert ráð fyrir að 20% árgangs sé þegar kominn í leikskólann) er áætlaður heildarkostnaður kr. 358.000.000.-
1-2 þús. íbúar	2-3 milljónir	um 15 milljónir (ekki sérstaklega fært í bókhaldi)
120 þús. íbúar	3 milljarðar kr. m.v. nýbyggingar (6 ungbarnaleikskólar)	1,5 milljarðar kr.
0-1 þús. íbúar	Lítill	Ekki reiknað út en greitt er 10% álag á leikskólagjöld 12-18 mán.
1-2 þús. íbúar	Við bjóðum leikskólaláss frá 9 mánaða aldri	

Að lokum voru þau sveitarfélög sem hafa gert kostnaðarmat við að bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri spurð hver væri kostnaður þeirra við að auka þjónustuna og bjóða leikskólavist frá 12 mánaða aldri. Sjö sveitarfélög svöruðu spurningunni.

## Athugasemdir og ábendingar

Að lokum var sveitarfélögum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum við starfshóp um leikskóla að loknu fæðingarorlofi eða athugasemdum vegna könnunarinnar.

### Eftirtaldar athugasemdir við könnunina bárust:

- Fræðslustjóri sveitarfélagsins er í fríi og gat því ekki svarað spurningunum sem snertu leikskólana. Daggæsluráðgjafi svaraði spurningunum um dagforeldrana og gerði afrit af spurningunum sem ekki var svarað. Fræðslustjóri fær þær spurningar og svarar þeim að loknu frí sínu og sendir svör við þeim til starfshópsins.
- Ef óskað er nákvæmari svara við spurningum 11. og 16. er velkommið að hafa samband. Núverandi kerfi heldur aðeins utan um núverandi stöðu en ekki stöðu biðlista á valinni dagsetningu aftur í tímann. Það þarf því að beita öðrum aðferðum ef þess gerist þörf.

- Hér er ekki dagvistun í heimahúsum og öllum börnum er boðin vistun í leikskóla frá 9 mánaða aldri, en það myndaðist smá biðlisti nú í sumar vegna erfiðleika með að manna stöður á leikskólanum og fjölda yngstu barna sem þurfa meiri umönnun.
- Hér eru engir dagforeldrar starfandi. Leikskólinn tekur inn eftir sumarlokun og um áramót, börn sem á þeim tíma hafa náð 12 mán. aldri. Tekist hefur að anna eftirspurn með þessu, en leikskólinn er nú vel fullur.
- Hér er öllum börnum boðið pláss á leikskóla. Yngsta barn sem fengið hefur pláss undanfarin 4 ár er 10 mánaða. Hér er ekki starfandi dagforeldri.
- Biðlisti var til staðar en ekki biðlisti barna sem orðin voru 18 mánaða en sveitarfélagið hefur það markmið að veita öllum börnum 18 mánaða og eldri leikskólapláss og það hefur tekist ágætlega.
- Sveitarstjórn hefur nýlega samþykkt að tryggja dagforeldri árlega greiðslu 1,5 mkr til að reyna að halda þjónustunni. Það hefur oft komið hlé í þjónustuþörf frá hausti þegar leikskóli tekur inn og fram yfir áramót. Þannig var ekkert dagforeldri í desember 2013.

### Ábendingar til starfshóps voru eftirfarandi:

- Nú þegar er boðið upp á leikskóladvöl frá 12 má. aldri barna og umræðan meðal foreldra í sveitarfélaginu hefur snúist um að lengja frekar fæðingarorlof upp í 12 mánuði heldur en að börnum bjóðist vistun á stofnunum frá 9 mánaða aldri.
- Vonandi verður 12 mánaðafæðingarorlof sem fyrst.
- Út frá uppeldislegu sjónarmiði er brýnt að fæðingarorlof verði lengt í eitt ár hið fyrsta. Dagforeldrar eiga að vera úrræði eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- Æskilegt væri að sveitarfélagið gæti boðið upp á leikskólapláss þegar fæðingarorlofi lýkur en húsnæði leikskólanna í dag býður ekki upp á það. Slíkt boð kallar á byggingaframkvæmdir. Hins vegar þyrfti ríkið að lengja fæðingarorlofið og þá ætti verkefnið að verða auðveldara fyrir sveitarfélagið.
- Einstæðir foreldrar búa hjá okkur við verri þjónustu. Eru með styttra fæðingarorlof en eiga ekki forgang að leikskólaplássi. Einstæðir foreldrar þurfa lengra fæðingarorlof.
- Já sem leikskólastjóri þá hef ég áhyggjur af fjöldauppeldi þ.e. deildir í leikskóla munu trúlega aldrei verða fyrir færri en 10-12 börn í einu en mér hugnast að hafa ekki fleiri en 4-6 börn yngri en 2ja ára.

# Fylgiskjal. Könnun um skipulag og kostnað sveitarfélaga vegna dagforeldra

## Skipulag og kostnaður sveitarfélaga vegna dagforeldra

Í kjölfar þingsályktunartillögu um leikskóla að loknu fæðingarorlofi sem samþykkt var í árslok 2013 var settur á fót starfshópur sem meta skal kosti þess að bjóða leikskólavist strax og fæðingarorlofi lýkur. Starfshópurinn skal greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þarf tillit til, þar á meðal mannafla- og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna ásamt leiðum til fjármögnunar.

Samband íslenskra sveitarfélaga á þrjá fulltrúa í fyrrnefndum starfshópi. Með könnun þessari er ætlunin að kortleggja skipulag sveitarfélaga vegna daggæslumála yngri barna og kostnað vegna þeirra.

Það er von sambandsins að sveitarfélögin gefi sér tíma til að svara könnuninni og rétt að benda á að því betri gögn sem unnið er með þeim mun meiri líkur eru á góðri ákvörðunartöku.

Spurningar í þessari könnun varða bæði daggæslu í heimahúsum og málefni leikskóla.

Frestur til að svara könnuninni er til 16. nóvember 2014.

### 1. Sveitarfélag:

Veldu hér

Veldu hér

## Skipulag daggæslumála í sveitarfélaginu og eftirlit

2. Hvaða stjórnýslusviði sveitarfélagsins tilheyrir daggæsla í heimahúsum?

- Félagspjónustusviði
- Fræðslusviði

Annað, þá hvað?

3. Hversu oft er eftirlit með starfi dagforeldra í sveitarfélaginu?

- Aldrei
- 1-2 sinnum á ári
- 3 sinnum á ári
- Oftar en 3 sinnum á ári

4. Með hvaða hætti er eftirlitið framkvæmt? (merkið við allt sem við á)

- Boðuð heimsókn
- Óboðuð heimsókn
- Ef tilkynning berst

Ef annað:

## Faglegur stuðningur við dagforeldra

5. Veitir sveitarfélagið dagforeldrum faglegan stuðning?

- Já
- Nei



6. Hvernig veitir sveitarfélagið dagforeldrum faglegan stuðning? (merkið við allt sem við á)

- Námskeið í upphafi starfs
- Regluleg námskeið
- Skipulags- eða fræðsludaga
- Heilsufarsleg ráðgjöf
- Uppeldisleg ráðgjöf

Annað, þá hvað?

### Þjónustusamningur við dagforeldra

7. Gerir sveitarfélagið þjónustusamning við dagforeldra?

- Já
- Nei

8. Er kveðið á um hámarksgjald fyrir daggæslu í heimahúsum í þjónustusamningi?

- Já
- Nei

Ef já, tilgreinið hvert hámarksgjaldið var 1. des 2013

### Viðhorfskönnun

9. Hefur sveitarfélagið lagt viðhorfskönnun fyrir foreldra barna hjá dagforeldrum?

- Já
- Nei

Ef já, tilgreinið hvar finna má niðurstöður slíkrar könnunar

## Rekstrarkostnaður vegna dagforeldra

10. Hver var fjöldi starfandi dagforeldra í sveitarfélaginu 1. desember 2013?

11. Hver var fjöldi barna hjá dagforeldrum í sveitarfélaginu 1. desember 2013?

Fædd 2013

Fædd 2012

Fædd fyrir 2012

12. Hver var heildarkostnaður sveitarfélagsins vegna daggæslu í heimahúsum í desember 2013?

13. Hver var mánaðarleg niðurgreiðsla sveitarfélagsins, m.v. átta tíma vistun, á hvert barn í daggæslu í heimahúsum 1. desember 2013?

14. Hefur sveitarfélagið upplýsingar um mánaðarlegar greiðslur foreldra vegna daggæslu í heimahúsum fyrir eitt barn í átta tíma vistun 1. des 2013?

- Já  
 Nei

Ef já, vinsamlega tilgreinið mánaðarlegar greiðslur foreldra til dagforeldra

## Biðlisti á leikskóla

15. Var biðlisti eftir leikskólaplássum eftir úthlutun haustið 2013?

- Já  
 Nei

16. Hversu mörg börn höfðu sótt um leikskólapláss 1. desember 2013 en ekki fengið?  
(Þessari spurningu þarf að svara eftir fæðingarári barna)

Börn fædd 2010

Börn fædd 2011

Börn fædd 2012

Börn fædd 2013

## Kostnaðarmat

17. Hefur sveitarfélagið gert áætlun um að bjóða leikskólavistun frá 9 eða 12 mánaða aldri? (merkið við allt sem við á)

- Nei  
 Já frá 12 mánaða  
 Já frá 9 mánaða  
 Öllum börnum frá 12 mánaða aldri býðst nú þegar leikskólapláss  
 Öllum börnum frá 9 mánaða aldri býðst nú þegar leikskólapláss

18. Hefur sveitarfélagið gert kostnaðarmat við að bjóða leikskóla frá 12 mánaða aldri

- Já  
 Nei

19. Hver væri kostnaður sveitarfélagsins við að auka þjónustu og bjóða börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri?

Stofnkostnaður

Rekstrarkostnaður  
miðað við 2013

## Að lokum

20. Hefur þú einhverjar athugasemdir við könnunina eða ábendingar sem þú vilt koma á framfæri við starfshóp um leikskóla að loknu fæðingarorlofi?

A text input field with a scroll bar and a submit button. The input field is empty and has a light gray background. The scroll bar is on the right side, and the submit button is a small square with a right-pointing arrow.